



Fjölbrautaskóli Suðurlands
Vorönn 2025

STÆR2RU05

Rúmfræði

Kennari:	Kjartan Ólason (KÓ) kjartan@fsu.is Klara Guðbrandsdóttir (KLA) klara@fsu.is Kristjana Sigríður Skúladóttir (KSS) kristjanas@fsu.is Magnús Músson (MM) magnus@fsu.is
----------	--

Markmið áfangans:

- Nemendur kynnist frumhugtökum Evklíðskrar rúmfræði.
- Nemendur þekki hornasummu þríhyrninga og geti notað þá þekkingu við lausn viðfangsefna.
- Nemendur læri að notfæra sér reglur um hringi og horn við þá.
- Nemendur tileinki sér reglu Pýþagórasar og reglur um einslaga þríhyrninga.
- Nemendur þjálfist í flatarmáls- og rúmmálsreikningum.
- Nemendur kynnist skilgreiningum á hornaföllum, þ.e. sínus, cosínus og tangens og reglum um þríhyrninga leiddum af þeim.

Undanfari: STÆR1AJ05

Námsefni:

- SKO-Horna og rúmfræði, útgáfa 2021 eftir Kjartan Heiðberg og Hilmar Friðjónsson. Vekjum athygli á gagnlegum QR-kóðum í bókinni og hvetjum nemendur til að nýta þá til stuðnings.
- Ljósritað ítarefni frá kennara.
- Vasareiknir (scientific), reglustrika og gráðubogi.
- Nemendum er bent á að notfæra sér stærðfræðivefinn rasmus.is (frekari upplýsingar hjá kennara).

Námsmat:

Lokaeinkunn skiptist svona:

Árangur á lotuprófum/verkefnum = Annareinkunn: 30%

Árangur á skriflegu lokaprófi: 70%

Annareinkunn, 4 lotur, skiptist svona:

Vægi lotuprófs: 70%

Vægi verkefna: 30%

Annareinkunn reiknast inn í lokaeinkunn nemenda samkvæmt uppgefnum vægisþáttum í námsáætlun. Annareinkunn getur ekki hækkað lokaeinkunn nemenda upp fyrir einkunnina 4 sé um fall að ræða hjá honum á lokaprófi.

Verkefnaskil og próf:

Á önninni verða lögð fyrir 4 lotupróf ásamt heimadæmum og ýmsum verkefnum.

Nemanda er skylt að taka öll lotuprófin. Sé nemandi fjarverandi þá kennslustund sem tilkynnt hefur verið um próf fær hann einkunnina 0 fyrir þann námsþátt, nema lögmæt forföll komi til, þá á hann möguleika á að taka lotupróf við fyrsta tækifæri í samráði við kennara, eða í lok annar.

Mögulegt er að sleppa við lokapróf og láta annareinkunn gilda sem lokaeinkunn áfangans ef nemandi uppfyllir eftirfarandi:

Skilyrði til að sleppa við lokapróf:

- Ná meðaleinkunninni 6 úr öllum lotuprófum.
- Skila öllum verkefnum á réttum tíma og standast þau.
- Ná sérhverju lotuprófi með einkunn yfir 4,5.

Sérreglur áfangans:

Sérstök áhersla er lögð á að nemendur sýni vandvirkni, nákvæmni og öguð vinnubrögð við frágang. Þess er krafist að nemendur setji fram útreikninga og niðurstöður á skýran og greinargóðan máta. Slæmur frágangur getur haft í för með sér lægri einkunn. Í áfanganum gilda almennar skólasóknarreglur. Hámarksfjöldi leyfilegra fjarvista er 11. Eftir 12. fjarvist skráir kennari nemandann úr áfanganum.

Fjarvera úr kennslustund lengur en 10 mínútur jafngildir F í viðveruskrá.

Áætlun um yfirferð og verkefnaskil:

Lota:	Vika Dagsetning	Efnisatriði	Blaðsíðutal	
1	3-7 15. janúar – 14. febrúar	Kaflar 1-2 Kennsla hefst mið. 15. jan.	7-40	Heimadæmi/tímaverkefni Lotupróf 1 í 7. viku.
2	8-11 17. febrúar – 14. mars	Kaflar 3-4 Námsmatsdagur/Vorfrí 14. feb. Miðannarmat lokaskil 28. feb. Áfangamessa 5. mars Valdagur 12. mars	41-68	Heimadæmi/tímaverkefni Lotupróf 2 í 11. viku.
3	12-14 17. mars – 4. apríl	Kafla 5 Kátir dagar og Flóafár 19.-21. mars.	69-86	Heimadæmi/tímaverkefni Lotupróf 3 í 14. viku.

4	15-19 7. apríl – 9. maí	Kaflar 6-7 14.- 21. apríl - Páskafrí 24. apríl - Sumardagurinn fyrsti Dimmisjón 9. maí	87-114	Heimadæmi/tímaverkefni Lotupróf 4 í 19. viku
	20. vika 12. maí – 15. maí	Upprifjun fyrir þá sem taka lokapróf í áfanganum. Síðasti kennsludagur fim. 15. maí. Námsmatsdagar 16. - 19. maí. Sjúkrapróf 20. maí. Brautskráning mið. 28. maí.		

Athugasemdir:

Nemendur eru hvattir til að nýta sér viðtalstíma kennara, en tímasetning þeirra verður auglýst fljótlega. Einnig er athygli nemenda vakin á stoðtímum í stærðfræði, auglýstir síðar í Innu.

Nemandi skal alltaf mæta í kennslustundir með þau gögn og verkfæri sem til er ætlast. Ef út af þessu bregður getur kennari skráð **F** á viðkomandi nemanda.

Kennsluáætlun er sett fram með fyrirvara um breytingar.

FSu 13. janúar 2025

Með ósk um góða samvinnu og góðan árangur á önninni.

Kjartan Ólason, Klara Guðbrandsdóttir, Kristjana Sigríður Skúladóttir og Magnús Másson